

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 301 27. júlí 1978,
um skírteini gefin út af flugmálastjórn.**

1. gr.

1. málsgrein greinar 1. 2. 5. 1. orðist svo:

Þegar ákvæðum VII. kafla er fullnægt, gefur flugmálastjórn út eða endurnýjar skírteini til fimm ára í senn, miðað við lok þess mánaðar þegar útgáfa eða endurnýjun á sér stað.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 9. október 1985.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 627 7. september 1983,
um lágmarksbúnað loftfara.**

1. gr.

Grein 2.7.1. orðist þannig:

Einhreyfils landflugvélum skal ekki flogið lengra frá landi en svo, að hægt sé að ná til lands í renniflugi. Flugmálastórn getur þó veitt sérstakt leyfi fyrir ferjuflug yfir haf og milli landa, svo og fyrir einkaflug tímabilið frá apríl til september, að því tilskyldu að:

- flugstjórinn hafi a.m.k. 500 klst. flugreynslu og gilda blindflugsáritun,
- flugvélin sé skráð til blindflugs og meðferðis sé björgunarbátur af viðurkenndri gerð er rúmi alla um borð. Báturinn skal búinn neyðarsendi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 89. og 186. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, og tekur til íslenskra flugvéla og þyrlla, svo og annarra flugvéla og þyrlla, sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 9. október 1985.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.